

Íslensk fyrirtæki hljóta alþjóðleg verðlaun

Viðburðafyrirtækið Practical og hótelið Hilton Reykjavik Nordica hlutu í dag, 31. október, hin virtu CRYSTAL-verðlaun sameiginlega með bandaríska fyrirtækinu Harith Productions. Verðlaunin voru veitt á Karabíahafseyjunni Arúba og tóku Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical, og Ingólfur Haraldsson hótelsstjóri Nordica við þeim fyrir hönd sinna fyrirtækja.

Verðlaunin veita SITE sem eru alþjóðleg samtök 2000 ferðapjónustu- og viðburðafyrirtækja í 87 löndum. CRYSTAL-verðlaunin eru þau eftirsóknarverðustu í þessum geira.

„Við erum í skýjunum því verðlaunin eru ekki aðeins heiður fyrir Practical og hótelið heldur varpa einnig ljósi á hve góður kostur Ísland er um þessar mundir. Nú gefst tækifæri til að heimsækja Ísland og njóta góðrar þjónustu, hótela og skemmtunar í hæsta gæðaflokki fyrir hóflegt verð,“ segir Marín. „Við vonust því til að með þessu opnast augu fleiri stórfyrirtækja fyrir þeim möguleika að koma hingað með starfsmenn sína á næstunni.“

Verðlaunin voru veitt í flokknum framúrskarandi hvataferð (e. Exceptional Motivational Travel Program). Hingað til lands komu tvö hundruð gestir bandarísks lyfjafyrirtækis og fengu framúrskarandi þjónustu og fjölbreytta kynningu á landi og þjóð. Yfirskrift ferðarinnar var *Andstæður Íslands* (e. The Land of Contrasts).

Frekari upplýsingar um verðlaunin, vinningsferðina og ráðstefnuna má nálgast á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.siteglobal.com/Experience/CrystalAwards/tabid/131/Default.aspx>

Allar nánari upplýsingar veita:

Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical, s. 822-0026

Aníta Ólafsdóttir, verkefnastjóri Practical, s. 822-0029

Ingólfur Haraldsson, hótelsstjóri Hilton Reykjavík Nordica 840-0110

Ljósmyndir frá verðlaunaafhendingu sem fór fram laugardaginn 31. október á Westin Hótelinu Aruba.



